

**Sp.**

## **537. Skýrsla**

um norrænt samstarf 1976.

### **UM NORÐURLANDARÁÐ.**

Norðurlandaráð starfar á grundvelli Helsingforssáttmálans, sem gerður var 1962. Með breytingu sáttmálans 1971 var stofnuð norræna ráðherranefndin, sem starfar í tengslum við ráðið. Á þeim 25 árum, sem liðin eru frá stofnun Norðurlandaráðs, hefur starf þess þróast. Það var norrænt þingmannasamband í upphafi, en er á seinni árum orðið stofnun, sem byggist á þjóðréttarlegum skuldbindingum. Er sagt, að hvergi meðal annarra ríkja eigi Norðurlandaráð sér algera hliðstæðu. Samkvæmt Helsingforssáttmálanum fer starf Norðurlandaráðs fram með beinum samskiptum landsstjórna Norðurlanda: þingmanna, ríkisstjórna og embættismanna, án milligöngu utanríkisþjónustu landanna eða annarra milliliða. Hlutverk Norðurlandaráðs er að hafa frumkvæði og vera ráðgefandi í þeim málum þjóðlífsins, þar sem henta þykir að hafa sameiginlega norræna stefnu eða samræmda löggjöf, og í málum, þar sem hagræði er að því að nýta sameiginlega upplýsingamiðlun og starfskrafta til þess að þoka málum áfram til góðs fyrir öll löndin.

Aðalstarfsvettvangur Norðurlandaráðs eru þing þess, sem að jafnaði eru haldin einu sinni á ári. Þar eiga sæti 78 þingmenn, til þess kjörnir, og ríkisstjórnafulltrúar, svo margir frá hverju landi sem hver ríkisstjórn kys úr sínum hópi, auk þess fulltrúar fyrir landsstjórnir Færeyja og Álandseyja. Hinir kjörnu fulltrúar skiptast svo sem hér segir milli landanna: Þjóðþing Danmerkur velur 16 þingmenn, Ríkisþing finna 17, Alþingi Íslendinga 6. Stórþing Noregs og Ríkisþing svía sína 18 þingmennina hvort, Lögþing Færeyja velur tvo þingmenn og Landsþing Álandseyja einn. Auk þess kys hvert þing jafnmarga varafulltrúa.

Á þingum Norðurlandaráðs eru það aðeins hinir kjörnu þingmenn, sem hafa tillögurétt, málfrelsi og atkvæðisrétt. Ráðherrar hafa þar einungis tillögurétt og málfrelsi, atkvæðisrétt hafa þeir ekki. Norðurlandaráð mun vera eina fjölþjóðlega samkundan, þar sem allar ríkisstjórnir Norðurlandanna, allir ráðherrar þeirra, geta átt sæti samtímis.

Á milli þinganna starfa hinir 78 þingmenn í 5 málefnanefndum auk forsætisnefndarinnar. Forsætisnefnd Norðurlandaráðs hefur aðalskrifstofu í Stokkhólmi. Framkvæmdastjóri hennar eða aðalritari er Helge Seip, fyrrum ráðherra í Noregi. Auk þess starfrækja landsdeildirnar sérstaka skrifstofu. Hér á landi gegnir skrifstofa Alþingis þessu hlutverki, og er Friðjón Sigurðsson skrifstofustjóri Alþingis ritari Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

### **RÁÐHERRANEFND NORÐURLANDA.**

Í ráðherranefnd Norðurlanda starfa ríkisstjórnir landanna saman. Samstarfsráðherrarnir, sem svo eru nefndir, einn í hverri ríkisstjórn, hafa með höndum

samræmingu norrænna samstarfsmála. Sá ráðherra íslenskur, sem fer með norræn samstarfsmál, er Geir Hallgrímsson forsætisráðherra. Hinn íslenski ritari samstarfsnefndarinnar er Guðmundur Benediktsson ráðuneytisstjóri. Ráðherrar á Norðurlöndum, sem fjalla um sömu málaflokka, halda með sér fundi, stundum ásamt tilsvarendi nefndum Norðurlandaráðs. Einnig starfa á vegum ráðherranefndarinnar margar embættismannanefndir.

Ráðherranefndin hefur m. a. það hlutverk að framkvæma ályktanir Norðurlandaráðs og gefur þingum þess skýrslu um störf sín og norrænar stofnanir, sem starfa í tengslum við ráðherranefnd og Norðurlandaráð. Ráðherranefndin getur haft frumkvæði að tillögugerð gagnvart Norðurlandaráði.

Á vegum ráðherranefndarinnar eru starfræktar tvær skrifstofur, sem starfa allt árið. Ráðherranefndin hefur aðalskrifstofu í Osló. Framkvæmdastjóri hennar eða aðalritari er Olli Bergman. Menningarmálaskrifstofa ráðherranefndarinnar er í Kaupmannahöfn. Framkvæmdastjóri hennar er Klas Olofsson.

### STÖRF NORÐURLANDARÁÐS 1976.

Í desember 1975 voru fulltrúar í Íslandsdeild Norðurlandaráðs kosnir í sameinuðu Alþingi. Gilti sú kosning árið 1976, en fulltrúarnir eru jafnan kosnir til eins árs í senn. Þessir þingmenn hlutu kosningu: Ásgeir Bjarnason, Gylfi Þ. Gíslason, Jón Skaftason, Magnús Kjartansson, Ragnhildur Helgadóttir og Sverrir Hermannsson. Varamenn voru kjörnir: Axel Jónsson, Eggert G. Þorsteinsson, Gils Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Jón Helgason og Sigurlaug Bjarnadóttir.

Verkefnum var skipt á þennan hátt: Formaður Ragnhildur Helgadóttir, varaformaður Jón Skaftason. Í laganefnd var kjörinn Ásgeir Bjarnason, í menningarmálanefnd og fjárlaganefnd Gylfi Þ. Gíslason og jafnframt í upplýsingamálanefnd, Jón Skaftason í efnahagsnefnd og upplýsingamálanefnd, Magnús Kjartansson í samgöngumálanefnd, Ragnhildur Helgadóttir í forsætisnefnd og félagsmálanefnd, Sverrir Hermannsson í efnahagsmálanefnd.

Þing Norðurlandaráðs 1976 var haldið í Kaupmannahöfn 28. febrúar til 3. mars. Þetta þing hafði á ýmsan hátt mikið gildi fyrir íslendinga: Forsætisnefnd ráðsins gaf á þessu þingi mjög þýðingarmikla stuðningsyfirlýsingu við íslendinga í landhelgisbaráttu þeirra, og tveir íslenskir listamenn hlutu verðlaun Norðurlandaráðs, þeir Atli Heimir Sveinsson, sem fékk tónlistarverðlaunin, og Ólafur Jóhann Sigurðsson, er fékk bókmenntaverðlaunin.

Fleiri stórviðburðir í sambandi við starf Norðurlandaráðs urðu á þessu ári. Norræni fjárfestingarbankinn tók til starfa sumarið 1976, norrænn umhverfissáttmáli tók gildi í október 1976, endurskoðaður norrænn menningarsamningur tók gildi, ákvæði um sameiginlegan norrænan kosningarétt til sveitarstjórna tók gildi í nokkrum landanna, og í september 1976 gekkst forsætisnefnd ráðsins fyrir merkri ráðstefnu um pólitískt lýðræði. Allt eru þetta viðburðir, sem marka spor í sögu Norðurlandaráðs, og allt eru þetta spor fram á við.

Um þær mundir sem Norðurlandaráðsþing átti að hefjast árið 1976, blöstu við ýmsir erfiðleikar á Íslandi. Allsherjarverkfali var í landinu og fiskveiðideila okkar við breta var á hættulegu stigi. Árekstrar breskra herskipa og íslenskra skipa voru tíðir og stöðugt yfirvofandi. Breska stjórnin virtist ákveðin í því að halda uppteknum hætti. Ljóst var, að það gat haft töluverða þýðingu gagnvart bresku stjórninni, ef ótvíráð gagnrýni á framkomu breta kæmi frá Norðurlöndunum öllum. Á það þurfti að leggja áherslu á alþjóðlegum vettvangi og af fleirum en íslendingum sjálfum, hve óheppileg og tilgangslaus þessi deila væri. Norðurlandaráð hlaut að vera áhrifamikill vettvangur til að fjalla um þetta mál. En það var líka ljóst, að alveg vandaust var þetta ekki, vegna þess að í Norðurlandaráði hafa menn forðast umræður og deilur um utanríkismál, ef inn í þær deilur spinnast málefni, þar sem ríkin á Norðurlöndum hafa mismunandi afstöðu. Ýmsir hafa túlkað þetta svo, að um utanríkispolitik fjalli Norðurlandaráð alls ekki. Sönnu nær er að segja, að um öryggis-

og varnarmál fjalli Norðurlandaráð ekki. Þessi hefð stafar frá þeim tíma, er finnar gengu í ráðið. Gefin var um það yfirlýsing á þjóðþingi finna, er þeir samþykktu inngöngu í Norðurlandaráð, að þeir tækju ekki afstöðu til utanríkismála, ef um öryggismál væri að tefla. Þótt landhelgismál íslendinga fæli öðrum þræði í sér harða deilu við ríki utan Norðurlanda, mátti einnig líta á málið sem sameiginlegt norrænt hagsmunamál, því að verndun fiskstofna í Atlantshafi er sameiginlegt norrænt hagsmunamál. Það gaf í sjálfu sér tilefni til að ræða málið á vettvangi Norðurlandaráðs. Annað kom hér einnig til. Það var, hve geysimiklir hagsmunir voru í húfi fyrir íslendinga. Þótt deilan væri við ríki utan Norðurlandanna, mátti að því leyti til finna í þessu máli frávik frá hinni almennu reglu um utanríkismál, að hér var um að ræða baráttu einnar þjóðar í Norðurlandaráði fyrir lífshjörg sinni.

Svo leit út um tíma sem allsherjarverkfallið yrði til þess, að íslensku fulltrúarnir kæmust ekki utan til þess að ræða um þessi mál við stjórnámálamenn hinna Norðurlandanna, og fulltrúar íslensku ríkisstjórnarinnar komust ekki utan fyrr en útséð var um endanlega lausn vinnudeilnanna á öðrum degi þingsins. Íslendingar gátu vegna verkfallsins ekki tekið þátt í lokaundirbúningsfundum fyrir þingið, daginn áður en það skyldi hefjast. En að lokum tókst samkomulag við forvígismenn vinnudeilnanna á þann veg, að íslenska þingmannanefndin komst á miðjum fyrsta degi þingsins til þess að taka þátt í fundahöldum, og hafði þá ekki einungis verkfallið, heldur og veður hamlað ferðum hennar. Er óhætt að segja, að þessi skilningur og fyrirgreiðsla forvígismanna í verkfallinu varð til þess, þó seint væri, að það tókst á síðustu stundu að hafa samband við þingmenn frá hinum löndunum í því skyni að greiða fyrir hugsanlegri stuðningsyfirlýsingu við íslendinga. Í þessu máli sýndu norðmenn okkur mikinn drengskap, hvar í flokki sem þeir stóðu, og á engan er hallað, þótt þetta sé tekið fram. Vitanlega fengum við frá öllum löndunum mikilsverðan stuðning, og það var í raun og veru finni, sem reið á vaðið, þó að finnar ættu manna erfiðast að tala um utanríkismál, svonefnd, í Norðurlandaráði. Í ræðum sínum og viðtölum við menn lögðu íslendingar höfuðáherslu á hið sameiginlega norræna gildi sem fiskverndunarmarkmiðið með útfærslu fiskveiðilögsögu Íslands hefði. Sænski varaforsætinn hafði flutt setningarræðu þingsins í stað íslenska forsetans þáverandi, sem ekki var kominn á vettvang. Hann og síðan finnski varaforsætinn lýstu því báðir yfir, að þeir teldu, að Norðurlandaráð gæti ekki horfið heim að loknu þingi án þess að hafa lýst yfir stuðningi við íslendinga. Þá kom fram tillaga frá öllum vinstri sósíalístaflokkunum á Norðurlöndum, þar sem sagði, að ráðið harmaði framkomu breta á Íslandsmiðum. Tillaga þessi var að formi til venjuleg ályktunartillaga. Hún hefði farið til nefndar og hlotið venjulega meðferð þar, þannig að nokkurn tíma hefði tekið að afgreiða hana og endanleg afgreiðsla ekki fengist á þessu þingi. Hún var að vísu góðra gjalda verð. En það, sem mestu máli skipti, var að fá breta sem fyrst til að fara heim með herskip sín til þess að unnt væri að skapa aðstöðu til að ræðast við.

Það var í sjálfu sér mjög mikils virði, að hver ræðumaðurinn af öðrum, allir meðal þekktustu stjórnámálamanna Norðurlanda, lýstu yfir áhyggjum sínum út af ástandinu á Íslandsmiðum og sögðu, að Norðurlandabjóðum bæri að styðja okkur, frændur sína. Til að taka undir og leggja áherslu á það, sem fram hafði komið í langflestum ræðum manna á fyrsta degi þingsins um þetta efni, ákvað forsætisnefndin að standa að gerð sérstakrar yfirlýsingar, sem samkvæmt reglum ráðsins þarf ekki að hljóta sams konar meðferð og venjulegar tillögur þess. Hún gat þess vegna fengið afgreiðslu strax samdægurs og þar með haft þá þýðingu, sem henni var ætlað. Vandinn var hins vegar að finna það orðalag, sem allur þessi hópur gæti fallist á. Í þessu skyni fékk forsætisnefndin næsta morgun alla utanríkisráðherrana og norrænu samstarfsráðherrana á fund með sér og ræddi við þá um orðalag yfirlýsingarinnar. Fékkst því framgengt, að allir viðstaddir samþykktu yfirlýsingu um málið. Að því búnu var ákveðið að sá, sem stýrði fundum ráðsins það síðdegi, Trygve Bratteli, skyldi lesa þinginu yfirlýsinguna og sjá til þess, að hún yrði af-

greidd samkvæmt þingsköpum ráðsins. Þennan dag var forsætisráðherra Íslands kominn til þingsins. Hafði ræðu hans verið beðið með eftirvæntingu, og vafalaust er, að sú ræða jók skilning manna á nauðsyn yfirlýsingar forsætisnefndarinnar. Yfirlýsingin hljóðaði svo:

„Forsætisnefnd Norðurlandaráðs staðfestir, að Norðurlandþjóðirnar hafa með þungum áhyggjum fylgst með deilu þeirri, sem þróast hefur milli Stóra-Bretlands og Íslands í sambandi við fiskveiðarnar innan hinna nýju 200 mílna fiskveiðitakmarka. Forsætisnefndinni er ljóst, að nýting auðæfa hafsins er tilverugrundvöllur hinnar íslensku bræðraþjóðar og að sérstakar ráðstafanir eru nauðsynlegar til þess að tryggja að þessum auðæfum verði ekki eytt.“

Blaðaskrif um yfirlýsingu þessa urðu geysimikil um öll Norðurlönd. Er vafalaust, að þau urðu til þess að auka verulega skilning á málefnum okkar og að þau urðu okkur í raun stórlega til hjálpar. Þótt nokkrar gagnrýnisráðdir heyrðust, þá voru hinar miklu, miklu fleiri, sem studdu málstað íslendinga og tóku afstöðu með því sem gert var í þessu máli á Norðurlandaráðsþinginu. Formleg atkvæðagreiðsla um þetta mál fór ekki fram á þinginu.

Ef marka má andrúmsloft eða „stemmingu“ á þingi sem þessu, má fullyrða, að Ísland átti þarna einbeitta stuðningsmenn. Þess má geta, að í norska Stórþinginu kom það fram síðar í álitu utanríkismálanefndar, að hún teldi yfirlýsingu forsætisnefndarinnar um fiskveiðimál íslendinga engan veginn brot á þeirri hefð að fjalla ekki um utanríkis- og öryggispolitísk mál í Norðurlandaráði.

Þótt þetta mál, landhelgismálið, hafi af eðlilegum ástæðum verið efst í huga íslendinga á þessum tíma, má ekki gleyma því, að um mörg mikilvæg mál önnur var fjallað á þessu þingi. Það mál, sem að öðru leyti setti mestan svip sinn á hinar almennu umræður fyrstu tvo daga þingsins, var samstarf í orku- og efnahagsmálum, eins og raunar oft áður, og þá ekki síst umræður um hinn væntanlega norræna fjárfestingarbanka. Stofnun fjárfestingarbankans hafði verið samþykkt á aukáþingi, hinu fyrsta í sögu ráðsins, sem haldið hafði verið í nóvember árið 1975 í Stokkhólmi. Það örlaði aðeins á því sjónarmiði í umræðunum, að óþarft hefði verið að flýta sér svo mjög að samþykkja stofnun bankans að kveðja til aukáþings í þessu skyni. Aftur á móti er alveg óvíst hver orðið hefðu afdrif þessa máls, ef það hefði dregist úr hömlu að kalla saman þing til þess að bera málið undir atkvæði þess. Sannleikurinn er sá, að umræður um norrænt efnahagssamstarf hafa verið á döfnni allt frá 1959, og hvað eftir annað hefur hugmynd um slíkt samstarf strandað á einhverjum pólitískum örðugleikum einhverra þjóðanna. Þegar ráðherranefndin gerði það að tillögu sinni við forsætisnefndina vorið 1975, að nú skyldi fjallað um stofnun fjárfestingarbanka, þótti forsætisnefndinni rétt að koma strax til móts við þetta sjónarmið og láta það fá afgreiðslu svo fljótt sem verða mátti. Það var í sjálfu sér mjög ánægjulegt, að samstaða skyldi vera milli ráðherranna um þetta mál. En málið var hins vegar svo mikilvægt, að ekki þótti fært að ráðast í stofnun bankans, án þess að það hefði verið borið undir þingið. Því var það, að forsætisnefndin ákvað að halda sérstakt þing í þessu skyni, þing, sem var mjög einfalt í sniðum og stóð aðeins einn dag og fjallaði aðeins um þetta mál og svo tvö önnur, sem voru óumdeild. Stofnun bankans var samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta í ráðinu, gegn atkvæðum þeirra, sem eru lengst til hægri og vinstri í norrænni pólitík. Fram skal tekið, að íslenska sendinefndin stóð saman sem einn maður í þessu máli. Ýmis atriði varðandi starfsemi bankans voru enn óákveðin. Forsætisnefnd og ráðherranefnd í sameiningu þurftu að taka ákvarðanir um fjölda manna í stjórn bankans og eftirlitsnefnd, sem ákveðið var að setja á stofn. Í henni skyldu vera 5 frá Norðurlandaráði, þ. e. a. s. þingmenn, og 5 frá ríkisstjórnunum. Í stjórn bankans skyldi einnig vera einn maður frá hverju Norðurlandanna. Það segir sig sjálft, að það var mikið hagsmunamál fyrir íslendinga, að svo yrði gengið frá málum, að það yrðu örugglega 5 eða 10 menn í þessum stjórnnum. Annars var hætta á, að íslendingar yrðu þar e. t. v. ekki með. Málefni Norræna fjárfestingarbankans, sem

er mjög mikið fyrirtæki og merkileg nýjung í samstarfi Norðurlanda, verða ekki rædd frekar í þessari skýrslu.

Hér skulu loks nefnd nokkur mál, sem samþykkt voru á þinginu í Kaupmannahöfn og eru um ýmis efni. Samþykktar voru ályktanir um:

- 1) áætlun um ferðamálasamstarf,
- 2) fjölgun flugleiða innan Norðurlanda,
- 3) gildi ökuskrteina,
- 4) aukna ferðamöguleika fyrir elli- og örorkulífeyrisþega,
- 5) samstarf á sviði almennra menningarmála fyrir börn,
- 6) verkefni í norrænu tungumálasamstarfi,
- 7) dreifingu á nýsigögnum,
- 8) sjónvarpsdagskrár fyrir sjómenn,
- 9) aukið norrænt samstarf um framhaldsnám,
- 10) fjölmiðlarannsóknir,
- 11) sagnfræðirit um stöðu norrænna kvenna,
- 12) opinber innkaup á Norðurlöndum,
- 13) eiturefni og hættuleg efni í atvinnulífínu,
- 14) norræna verkefnaáætlun á sviði vinnuumhverfis,
- 15) aðgerðir til að styrkja menningarlíf sama,
- 16) breyttar ríkisborgarareglur og
- 17) norrænt samstarf um útgáfu opinberra skýrslna.

#### MÁLEFNI NEFNDANNA.

Nú verður vikið að málefnum, sem nefndir Norðurlandaráðs hafa unnið að árið 1976. Fyrst skal þá nefnt, að nefndirnar hafa fjallað um tillögur frá ráðherra-nefndinni um viðtækar verkefnaáætlanir í tilteknum málaflokkum. Nokkuð af þessum tillögum verður til meðferðar og afgreiðslu á næsta Norðurlandaráðsþingi um mánaðamótin mars-apríl í Helsinki. Hér er um að ræða verkefnaáætlun í vinnu-markaðsmálum, sérstaka áætlun, merka, um aðbúnað á vinnustöðum, og loks sameiginlega áætlun um félags- og heilbrigðismál. Enn fremur er unnið að nýrri verkefnaáætlun á sviði byggingarmála. Þá er áætlun um samstarf um málefni sveitarfélaga, sem liggja að sameiginlegum landamærum, en hún snertir að sjálfsögðu ekki íslendinga.

#### 1. LAGANEFND.

Laganefnd Norðurlandaráðs hefur s.l. ár lagt höfuðáherslu á samstarf á sviði sifjaréttar, sérstaklega samræmingu reglna um fjármál hjóna, svo og um fjármál ógifts sambúðarfólks. Að öðrum atriðum hjúskaparlaga hefur verið unnið í hinum einstöku löndum eftir þeim sjónarmiðum, sem þar ríkja. Þá hefur í laganefndinni verið fjallað um reglur á sviði persónuréttar, sérstaklega verndun friðhelgi einkalífs í sambandi við tölvulöggjöf. Loks hefur nefndin fengist við réttarleg vandamál vegna stöðu sama í Norður-Skandinavíu.

Á vegum ráðherranefndar hefur verið unnið að sérreglum á sviði skaðabótaréttar og þá sérstaklega fjallað um hlutlega ábyrgð. Ný atriði í norrænum höfundarétti hafa verið til umræðu, einkum atriði er varðar túlkandi listamenn. Loks eru til umræðu vandamál í sambandi við aðrar tegundir refsinga heldur en frelsisskerðingu.

Fulltrúi Íslands í laganefnd er Ásgeir Bjarnason, forseti sameinaðs Alþingis.

#### 2. FÉLAGSMÁLANEFND.

Þegar hefur verið vikið að verkefnum á sviði félagsmálanefndar og þá sérstaklega nefndar tillögur ráðherranefndarinnar um verkefnaáætlanir um vinnuþætti og aðbúnað á vinnustöðum. Síðar nefnda tillagan var rækilega rædd á sérstakri ráð-

stefnu, sem félagsmálanefnd Norðurlandaráðs hélt í Þorsgrunn í Noregi sumarið 1975. Þar voru fulltrúar frá aðilum vinnumarkaðarins á Norðurlöndum, bæði sam-norrænu samtökunum og einnig samtökum hinna einstöku landa, auk fulltrúa Norð-ururlandaráðs í félagsmálanefndinni. Á grundvelli þess, sem fram kom á þessari ráð-stefnu, hefur síðan verið unnið mikið starf, og má vænta mikils af þessari áætlun. Verkefni áætlunar þessarar standa að meira eða minna leyti í sambandi við sam-eiginlega norræna vinnumarkaðinn, sem gerður var samningur um árið 1954. Ísland hefur aldrei gerst formlega aðili að norræna vinnumarkaðnum, en hefur hins vegar notið ýmissa réttinda, sem af honum leiðir. Það hefur verið rætt nýlega, hvort íslendingar ættu að gerast aðilar að vinnumarkaðnum. Í vegi stendur enn þá nei- kvæð afstaða Alþýðusambands Íslands, en ríkisstjórninni þykir rétt að hafa sam- ráð við aðila vinnumarkaðarins um þetta mál. Mér sýnist vera full ástæða til þess að endurskoða þessa afstöðu íslendinga. Ég held, að aðild að vinnumarkaðnum hefði ekki þær hættur í för með sér, sem menn héldu fyrir 23 árum, þegar hann kom til sögunnar. Þá voru forsendur aðrar. Hins vegar mundum við hafa ýmsa hagsmuni af aðildinni. Einnig varðar það nokkuð stolt okkar sem þjóðar í sam- starfi við aðra, að afstaða okkar sé ekki einungis bundin við hagsmuni sjálfra okkar.

Félagsmálanefndin hefur mjög rætt um, að nauðsynlegt væri að koma á nor- rænum vinnumarkaði fyrir vissar sérfræðingastéttir, sem ekki falla undir hinn norræna almenna vinnumarkaðssáttmála. Er hér sérstaklega um að ræða ýmiss konar starfsmenn á sviði heilbrigðis- og félagsmálaþjónustu. Tekið hefur til starfa norræn læknlífjafnefnd og norræn nefnd um vandamál fatlaðra.

Samstarfsnefnd um jafnrétti karla og kvenna starfaði á vegum ráðherranefndar- innar, og á árinu lét ráðherranefndin ganga frá skýrslu um Alþjóðavinnunála- stofnunina og konur í atvinnulífínu.

Fulltrúi Íslands í félagsmálanefnd er Ragnhildur Helgadóttir.

### 3. SAMGÖNGUMÁLANEFND.

Samgöngumálanefnd fjallaði um skýrslur norrænnar embættismannanefndar um umferðarmál, fyrst og fremst þrjá þætti. Hin fyrsta fjallar um fólksflutninga innan bæja og borga. Þar er rætt um, hvernig skipuleggja eigi fólksflutninga framtíðar- innar í litlum og meðalstórum þéttbýlisstöðum. Önnur skýrsla fjallar um norræna vegarannsóknáætlun og í því sambandi um grundvöll að athugun á kostnaðar- hlutdeild hinna ýmsu ökutækja í sambandi við slit veganna. Þriðja skýrslan var um hjálpartæki til að létta fötludum notkun fjarskiptaþjónustu og útbreiðslu slíkra tækja, hvernig koma má þeim á markað og gera þau ódýrari. Rætt var um flugsam- göngur í norðurhluta Skandinavíu og ferju milli Íslands og Færeyja og annarra Norðurlanda. Fyrir liggur nú verkefnaáætlun norrænna ferðamála, en undirbúningur hennar var mikið starf.

Fulltrúi Íslands í samgöngumálanefndinni er Magnús Kjartansson (varamaður Gils Guðmundsson).

### 4. EFNAHAGSMÁLANEFND.

Efnahagsmálanefndin ræddi 1976 um möguleika á því að finna lagaform fyrir samstarf sveitarfélaga, sem liggja að sameiginlegum landamærum. Í þeirri nefnd var einnig rætt um nýja verkefnaáætlun á sviði byggingaiðnaðarins. Fjallað var um norrænt samstarf um öryggisráðstafanir vegna kjarnorkuframleiðslu. Í þessari nefnd hefur mikið verið fjallað um orkumálasamstarf. Ráðherranefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sé ástæða til að gera sérstakan norrænan sátt- mála um samstarf á sviði orkumála. Hins vegar stendur yfir og má búast við tölu- verðu samstarfi milli tveggja landa eða fleiri í senn í þessum hópi, þó að ekki séu öll

lönd aðilar hverju sinni. Nefna má sem dæmi tvíhliða samninga Noregs og annarra ríkja, t. d. norsk-íslenska járublendisamninginn. Oliulindir Noregs munu hafa vaxandi þýðingu við gerð tvíhliða samninga.

Hinn nýi Norræni fjárfestingarbanki verður þessu samstarfi vafalaust til eflingar. Í þessu sambandi verður og að geta um Norræna iðnþróunarsjóðinn, sem þegar hefur gengt mikilvægu hlutverki. Fram í ágúst síðasta ár hafði hann veitt framlög og lán samtals að upphæð 26.5 milljónir norskra króna til 65 verkefna.

Í auknum mæli er unnið að upplýsingamiðlun í sambandi við rannsókn á orku á Norðurlöndum, og unnið er að skýrslu um sameiginlega og gagnkvæma nýtingu á orkulindum landanna.

Á grundvelli mála, sem fjallað var um í þessari nefnd, hefur ráðherranefndin látið vinna að verkefnum til öryggis og hagræðis neytendum. Þetta hefur sérstaklega varðað merkingar og upplýsingar um vörur, sem fyrst og fremst eru notaðar á heimilum, bæði tæki, svo og ýmiss konar vörur úr efnaiðnaði, þvottaefni og ýmis kemisk efni, sem hættulegt gæti verið að nota, ef þau væru ekki með glöggum upplýsingum og vel merkt. Er mikið hagræði að því að hafa sameiginlegar norrænar merkingar á slíkum vörum — merkingar, sem skiljast í öllum löndunum.

Í efnahagsmálanefnd ráðsins eiga sæti þeir Jón Skaftason og Sverrir Hermannsson.

#### 5. MENNINGARMÁLANEFND.

Meningarmálanefndin lagði á árinu höfuðáherslu á hækkuð framlags til Menningarmálasjóðsins. Þá hefur nefndin unnið að stuðningi við þátttöku ýmissa samtaka almennings í menningarsamstarfi Norðurlanda, og aukna áherslu hefur nefndin lagt á stuðning við norrænt íþróttasamstarf. Nefndin hefur lýst áhyggjum af því, að kostnaðurinn við úthlutun bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs hefur vaxið hraðar en verðlaunaupphæðin. Menningarmálanefndin hefur unnið mikið að auknu samstarfi í útvarps- og sjónvarpsmálum, fjallað um virkara samstarf um sérmenntun og lagt áherslu á, að norræn prófskírteini hafi gildi í öllum löndunum. Þá hefur nefndin hvatt til aukins stuðnings við norrænt samstarf um rannsóknir á heilsufari á norðlægustu slóðum. Nefndin fékk samþykktar tillögur um bættu dreifingu á svonefndum nýsigögnum (AV-material) um hin norrænu lönd.

Þá hefur nefndin unnið að því að seft yrði upp norræn menningarmiðstöð í Finnlandi og önnur í Færeyjum, í Þórshöfn. Þau mál eru nú í höndum ráðherranefndarinnar.

Íslenski fulltrúinn í menningarmálanefndinni og jafnframt formaður hennar nú um nokkurra ára skeið er Gylfi P. Gíslason.

#### MENNINGARFJÁRLÖGIN OG NORRÆNI MENNINGARMÁLASJÓÐURINN.

Á vegum ráðherranefndarinnar eru að höfðu samráði við menningarmálanefndina gerð sérstök menningarfjárlög, sem Norðurlandaráð fjallar um, auk hinna almennu fjárlaga. Fjárlög ráðherranefndarinnar til menningarmála á árinu 1976 námu samtals 45 263 000 dönskum krónum. Þar af gengu til Norræna menningarmálasjóðsins 6.5 millj. danskra kr. Frv. til fjárlaga ársins 1977 er að upphæð samtals 52 millj. danskra kr., en framlag Norræna menningarmálasjóðsins hækkar væntanlega í 8 millj. danskra kr. á árið 1978 fyrir atbeina menningarmálanefndarinnar. Fjárveitingar menningarfjárlaganna skiplust þannig, að til rannsókna, sem fram fara í ýmiss konar norrænum rannsóknarstofnunum, fóru 16 393 000 danskra kr. Til kennslumála í ýmsum samnorrænum skólum og föstum námskeiðum fóru 6 530 000 danskra kr. Til almennrar menningarstarfsemi, þ. á m. Norræna hússins, listaverðlaunanna, tónlistarsamstarfs o. fl., fóru 6.5 millj. danskra kr. Sérstakt ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar til menningarmála var 5 millj. danskra kr. Gert er ráð fyrir, að milli fjárveitinganna verði svipað hlutfall árið 1977. Á árinu 1976 hafði Norræni

menningarmálasjóðurinn 1 millj. danskra kr. meira til umráða en 1975, framlagið hækkaði úr 5.5 millj. upp í 6.5 millj. kr. Rúmri millj. danskra kr. úr Norræna menningarmálasjóðnum eða 16% var varið árið 1976 til stuðnings við ýmiss konar tímabundin vísindaverkefni. Sá hluti, sem fór til tímabundinnar fræðslustarfsemi, var álíka stór, og það sem eftir var, ca. 4.5 millj. danskra kr., eða 68%, fór til stuðnings ýmiss konar almennrar menningarstarfsemi, tónleika, leiksýninga o. fl. Árið 1976 lagði sjóðsstjórnin sérstaka áherslu á norrænar **menningarvikur**, sem fram fóru í ýmsum byggðarlögum á Norðurlöndum. Haldin var 51 norræn menningarvika og veitt í þessu skyni 1 millj. danskra króna.

Í stjórn Norræna menningarmálasjóðsins var árið 1976 af hálfu Íslandsdeildar Jóhann Hafstein (varamaður Gils Guðmundsson). Á Norðurlandaráðsþingi 1976 var Sverrir Hermannsson kosinn í stjórn sjóðsins fyrir árið 1977 og 1978 (varamaður Gils Guðmundsson).

#### HIN ALMENNUN FJÁRLÖG RÁÐHERRANEFNDAR.

Hin almennu fjárlög ráðherranefndar voru 1976 22 066 000 danskar kr. og í frumvarpinu fyrir árið 1977 er lagt til, að upphæðin verði 28 149 000 danskar kr. Á árinu 1976 var varið til heilbrigðis- og félagsmála 3.5 millj. danskra kr., til verkefna á sviði efnahagsmála, þ. á m. iðnaðar, orkumála og neytendamála, um 5.5 millj. danskra kr. til vinnu að samgöngumálum fóru um 1.2 millj. danskra kr.

Tekið skal fram, að þessi fjárlög ráðherranefndarinnar eru aðeins til ýmissa stofnana og áætlanagerða. Framlög til Norræna fjárfestingarbankans eru ekki innifalin í heildarupphæðinni.

Sameiginlegur kostnaður vegna starfs Norðurlandaráðs er samkv. **fjárlögum forsætisnefndarinnar** á árinu 1976 4 150 000 sænskar kr. Verulegur hluti af þessari upphæð er kostnaður við útgáfustarfsemi á vegum ráðsins, en hún er talsverð: annars vegar svokölluð **Nordisk udredningsserie**, sem hefur mikinn fróðleik að geyma um margvísleg málefni, hins vegar tímaritið **Nordisk Kontakt**, sem kemur út hálfsmánaðarlega á starfstíma þinganna og flytur fréttir frá öllum þjóðþingum Norðurlandanna. **Framlög hinna einstöku landa** vegna starfs Norðurlandaráðs svo og ráðherranefndarinnar skiptist í hlutfalli við brúttó-þjóðarframleiðslu landanna. Á árinu 1976 skiptist þetta svo, að Danmörk lagði til 22% af fjármuninum, Finnland 16%, Ísland 1%, Noregur 16% og Svíþjóð 45%. Á árinu 1977 er gert ráð fyrir, að hlutdeild Íslands verði 0.9%. Það skal tekið fram, að fjárveitingar á fjárlögum ráðsins fara ekki eftir þjóðartekjum eða þjóðarframleiðslu landanna, heldur einungis eftir þörfum og starfsemi hverju sinni.

#### FJÁRLAGANEFND OG UPPLÝSINGAMÁLANEFND.

Sérstök 10 manna **fjárlaganefnd** er kosin af Norðurlandaráðsþingi. Þar eiga sæti allir nefndarformennirnir auk eins manns til viðbótar úr hverri nefnd. Verkefni fjárlaganefndar er að fjalla um fjárlagafrumvörp ráðherranefndar og fjárlög ráðsins. Formaður þessarar nefndar árið 1976 var Gylfi Þ. Gíslason.

Á hverju þingi er einnig kosin **upplýsingamálanefnd**, sem sér um útbreiðslustarfsemi ráðsins og annast ritstjórn **Nordisk Kontakt**. Fulltrúar Íslands í þeirri nefnd árið 1976 voru Jón Skaftason og Gylfi Þ. Gíslason. Ritstjórar **Nordisk Kontakt**, tímarits ráðsins, eru einn frá hverju landi. Íslenski ritstjórinn er Björn Jóhannsson, fréttaritstjóri Morgunblaðsins.

#### FORSÆTISNEFNDIN.

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs annast stjórn ráðsins milli þinga. Í nefndinni er einn þingmaður frá hverju landi. Forseti Norðurlandaráðs er kosinn til eins árs, og samkvæmt hefð er það fulltrúi sá í forsætisnefndinni, sem er frá því landi, þar sem þingið er háð það árið.



Ég hef áður fjallað um yfirlýsingu forsætisnefndarinnar um landhelgismál íslendinga og störf hennar að undirbúningi stofnunar Norræna fjárfestingarbankans. Á s. l. vori kaus forsætisnefndin af hálfu Norðurlandaráðs sérstaka **eftirlitsnefnd** með starfi Fjárfestingarbankans. Íslenski fulltrúinn í eftirlitsnefndina var kosinn af hálfu ráðsins Jón Skaftason, en af hálfu ráðherranefndarinnar Jóhann Hafstein. Í stjórn bankans voru skipaðir af Íslands hálfu Jón Sigurðsson, forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, og Þórhallur Ásgeirsson, ráðuneytisstjóri. Gengið var frá reglum um samskipti ráðherranefndarinnar og nefnda Norðurlandaráðs. Ákveðið var að stefna að því að koma á sameiginlegum fundum forsætisnefndar og forsætisráðherra Norðurlandanna, en slíkir fundir voru haldnir reglulega áður en ráðherranefndin var stofnuð.

Forsætisnefndin gekkst fyrir ráðstefnu í Kristiansand í Noregi 27.—29. september 1976 um „De politiske demokrati i søgelyset“. Efninu var skipt í þrjá þætti. Í hinum fyrsta var málið rætt frá evrópsku sjónarmiði. Í öðrum þætti var rætt um þróun samfélagsins og framtíð lýðræðisins. Í þriðja þætti var rætt um sambandið milli stjórnmalamanna og fjölmiðla, um sambandið milli stjórnmalamanna og hagsmunahópa og um sambandið milli stjórnmalamanna, pólitískra samtaka og hinna almennu borgara. Hvert efni ræddu tveir frummælendur, annar þeirra stjórnmalamaður. Úr hópi stjórnmalamanna voru frummælendur á þessari ráðstefnu Trygve Bratteli, Gunnar Helén, Ulf Sundquist, Kåre Villoch, Grete Philip og Knud Enggård. Auk þess fluttu inngangserindi á ráðstefnunni Ruth Ryste fyrir hönd norsku ríkisstjórnarinnar og Ragnhildur Helgadóttir, sem setti ráðstefnuna. Aðrir frummælendur voru ritstjórnarnir Jan Magnus Jansson og Jörgen Schleiman, prófessor Ulf Torgersen, Lennart Bodström og Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur, sem flutti fyrirlestur um sambandið milli stjórnmalamanna, stjórnmalasamtaka og hins almenna borgara. Ráðstefna þessi fjallaði um efni, sem er nærtækt fyrir stjórnmalamenn, efni, sem á okkar tímum er aðkallandi að lýðræðissinnaðir stjórnmalamenn og almenningur geri sér nána grein fyrir. Fyrirlestrar ráðstefnunnar verða allir gefnir út á vegum ráðsins í ritaflokki Nordisk Udredningsserie.

Síðari hluta ársins hefur mjög verið rætt um flokkspólitíska samsetningu forsætisnefndarinnar og hafa þær umræður farið fram að norsku frumkvæði.

1976 áttu þessir sæti í forsætisnefndinni:

Knud Enggård, Venstre, Danmörk, forseti ráðsins,  
Johannes Antonsson, Centerpartiet, Svíþjóð, fyrri hluta tímabilsins, og  
Olof Palme, Socialdemokr., síðari hluta tímabilsins,  
Trygve Bratteli, Arbeiderpartiet, Noregi,  
V. J. Sukselainen, Centerpartiet, Finnlandi,  
Ragnhildur Helgadóttir, Sjálfstfl., Íslandi.

#### UM 25 ÁRA AFMÆLI RÁÐSINS.

Upplýsingamálanefndin sinnti á árinu 1976 sérstaklega því verkefni að undirbúa útbreiðslu og sérstakar aðgerðir í sambandi við 25 ára afmæli ráðsins á árinu 1977. Unnið var að sérstakri áætlun um útbreiðslustarfsemi og haldinn var fundur með framkvæmdastjórum stjórnmalaflokkanna í hverju landi skömmu eftir áramót. Þá voru námskeið fyrir blaðamenn um norræn málefni, og á vegum upplýsingamálanefndar vann sérstök vinnunefnd starfsmanna ráðsins að því að gera úr garði farandsýningu um **stöðu norrænna kvenna í ljósi sagnfræðinnar**. Prentun sýningargagna seinkaði vegna þingkosniga í Svíþjóð á s. l. hausti. Þetta varð til þess, að ekki var unnt að halda hér á landi áætlun um sýningartíma, þar eð gögnin bárust ekki öll fyrr en löngu seinna. Áætlað er, að sýningin verði á árinu 1977 í Norræna húsinu og víðar á landinu.

Norrænu félögin munu taka að sér að standa fyrir ýmiss konar hátíðahöldum og samkomuhaldi í tilefni af afmæli Norðurlandaráðs og verður það gert á degi sem valinn hefur verið af Norðurlandaráði sem norrænn dagur, og er það 23. mars.

Reykjavík, febrúar 1977.

Ragnhildur Helgadóttir.